

Grímsey, 24. ágúst 2017

28. fundur hverfisráðs Grímseyjar haldinn í Múla, Grímsey

Mættar eru Karen Nótt Halldórsdóttir ritari og Guðrún Inga Hannesdóttir

Fundur hófst kl. 14:00

1. Ákveðið hefur verið að nota fjármagn hverfisnefndarinnar í ærslabelg og hafa hann við skólann og leikvöllinn. Þá sunnan við húsið þar sem tjaldstæðið hefur verið.
2. Við erum afar ánægð með hvað hafnarsvæðið er orðið snyrtilegt!
3. Þann 29. júní tók Guðrún á móti fólki frá Umhverfis- og mannvirkjaráði Akureyrarbæjar, sótti þau á flugvöllinn og keyrði með þau um eyjuna í um tvær klst. og þann 7. júlí tók hún jafnframt á móti fólki frá Skipulagsráði Akureyrarbæjar og gekk um eyjuna, sýndi og sagði frá í um fjórar klst.

Fundi slitið 14:30